

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. febrúar 2017
UST201702-059/S.A.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Sjógönguseiðastöð við Þorvaldsdalsárós, frekari umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun sendi Skipulagsstofnun bréf þann 8. febrúar sl. og óskaði eftir frekari upplýsingum um möguleg áhrif losunar lífræns efnis frá starfseminni á friðlýstar hverastrýtur á botni Eyjafjarðar u.þ.b. 10 km innar með ströndinni.


Þann 13. febrúar sl. barst frá Skipulagsstofnun svar rekstraraðila. Kemur fram í svarinu að rekstraraðili reikni fastlega með því að notast verði við tromlusíu til að hreinsa föst efni úr frárennslinu þrátt fyrir að endanlegri hönnun sé ekki lokið. Í svarinu voru einnig settir fram útreikningar sem sýna fram á að losun næringarefna frá rekstrinum hafi mjög lítil áhrif á næringarefni í Eyjafirði og fellst Umhverfisstofnuna á framlagða útreikninga.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki hefur verið tekið tillit til annars fiskeldis í Eyjafirði í tilkynningunni, en nú eru í gildi starfsleyfi fyrir 4.220 tonna framleiðslu í firðinum. Ekki er um neina framleiðslu að ræða nema að mjög litlu leyti en þar sem leyfin eru til staðar má gera ráð fyrir að framleiðsla geti hafist.

Eftir fyrri umsögn Umhverfisstofnunar hafa íbúar á svæðinu sem búa mjög nálægt fyrirhuguðu framkvæmdasvæði haft samband og lýst fyrir áhyggjum af fyrirhuguðum framkvæmdum. Framkvæmdasvæðið er í aðeins 40 m fjarlægð frá íbúðarhúsum og samanstandi af núna ósnortnum, grónum áreyrum er njóta hverfisverndar sem útivistarsvæði. Umhverfisstofnun telur að umrædd staðsetning fyrir starfsemina geti verið óheppileg vegna nálægð við byggð en einnig þar sem gengið verður á ósnortna náttúru sem í dag er hverfisvernduð sem útivistarsvæði. Umhverfisstofnun er lögbundinn umsagnaraðili þegar kemur að skipulagsmálum og áskilur stofnunin sér rétt að gera frekari athugasemdir við skipulagstillöguna þegar þar að kemur í ferlinu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og einnig rekstrarleyfi frá Matvælastofnun.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
teymisstjóri


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur